

Formannafundur 15. júní 2024 FUNDARGERÐ

Helstu ákvarðanir og niðurstöður.

- Samþykkt var tillaga stjórnar að breyta reglugerð númer 13. Þar bætist við grein um lið sem ekki eiga heimavöll
- Ekki þarf leyfi fyrir konur að leika eitt ár niðurfyrir sig, einungis leyfi ef um er að ræða 2 ár og alla stráka.
- Reynt verður að leika Hertz deild karla með 4 liðum. Vonast til að Skautafélag Hafnarfjarðar komist á legg ef ekki þá verði notast við Narfa fyrirkomulag áfram en reynt að bæta það.
- U16 mót kvenna verði áfram í helgarkeppnis formi.
- Skautafélag Akureyrar verður með 2 lið í U18 og U16 á næsta tímabili.
- Skoða möguleika á því að koma í gang stuttu U20 mótahaldi, sem klárast áður en U20 liðið fer út til keppni í janúar.
- Samræma í öllum aldursflokkum sem leika á heilum ís hvernig knýja á fram úrslit ef jafnt er eftir venjulegan leiktíma. Þá verður fyrst eftir 2 mínútna hlé, leikin 5 mínútna framlenging þrjá á þrjá leikmenn. Ef ekki nást fram úrslit, skal gripið til vítaskota og skal hvort lið fá fimm vítaskot. Ef enn er jafnt, er notaður víta bráðabani.
- Rædd var uppfærsla á handbók fyrir barnamót.
- Kynnt var ný aðferð við uppgjör við dómara þar sem lið greiða þáttökugjald til sambandsins og sambandið gerir upp við dómara mánaðarlega. Samþykkt var að taka upp þetta kerfi.
- ÍHÍ gefur út fljótlega verðskrá fyrir Dómara ásamt þáttökugjaldi fyrir lið í einstaka flokkum.
- Rætt var að gera áttak í að létta alla ferla og skoða hvort möguleiki sé á því að gera eingöngu leikskýrslur eingöngu rafrænar. Hydra fólkið okkar skoðar málið og hvort ekki sé hægt að finna leið til að hætt að senda nafnalista á milli.
- Samþykkt að ÍHÍ taki þátt í dómarakostnaði í meistaraflokkum karla og kvenna. Tillögur voru kynnar um þáttöku allt að 16% af heildarkostnaði í þessum flokkum.
- Samþykkt að ráða umsjónarmenn landsliða í hlutastarf bæði í Reykjavík og á Akureyri.
- Kynntar voru hugmyndir stjórnar ÍHÍ að umsjónarmenn landsliða, þjálfarar félagsliða ásamt einum sterkum þjálfara kæmu að þjálfun karlaliða sambandsins. Það fékk góðan hljómgrunn.
- Landlið kvenna verði áfram undir stjórn Jóns Gíslasonar og Kimberly Lisa McCullough. Stefnt á að klára samninga við þau sem fyrst.
- Óskað var eftir tillögum og tilnefningum fyrir starfsfólk í kringum landsliðhópa næsta tímabils. Félagin hvött til þess að ýta við fólk sem hefur áhuga á landsliðsstarfinu að það láti vita af sér á skrifstofu ÍHÍ.
- Ljóst er að æfingabúðir þurfa að vera með öðrum hætti en áður vegna fjárhagsstöðu. Mögulega þarf að fækka æfingabúðum og eins þarf að minnka flutning á fólk milli landshluta til þess að lækka kostnað.
- Rætt var að skipta álagi af landsliðsæfingum betur á milli húsa.
- Vinna markvisst í því saman að bæta viðhorf á stemningu leikmanna, sérstaklega karla megin gagnvart landsliðsstarfinu.
- Stremismál voru rædd þar er aðalega verið að skoða möguleika á því að loka streymi og hafa af því tekjur til þess að byggja það áfram upp til framtíðar.

- Það þarf að aðstoða Fjölni við þessa uppbyggingu hjá sér. Bæði sambandið og hin félögin tilbúin að veita aðstoð.